



Reykjavík, 7. desember 2006

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Varðar: Umsögn um frumvarp til laga breytingu á lögum um olíugjald og kílómetragjald o.fl.**

Í bréfi dagsettu 24. nóvember 2006 er óskað umsagnar Olíudreifingar ehf. um 357. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum um olíugjald og kílómetragjald o.fl.,

Olíudreifing ehf, sem dreifingaraðili á stærstum hluta þess eldsneytis sem frumvarpið nær yfir og sem stórnotandi á gasolíu og móðurfélög þess sem stórir gjaldskyldir aðilar samkvæmt umræddu frumvarpi, gerðu margháttáðar athugasemdir við frumvarpið sem varð að lögum á síðasta ári og lögðust gegn því í óbreyttri mynd, án þess að tillit væri til þess tekið nema að litlu leiti.

Með framlagningu frumvarps þessa er verið að viðurkenna að þau sjónarmið sem bent var á í frumvinnslu laganna áttu rétt á sér. Sektarákvæði voru allt of lág og möguleikar eftirlitsaðila til að framkvæma eftirlit litlir. Þrátt fyrir þessa breytingu sem lögð er til mun eftirlit verða af afar skornum skammti, enda er félaginu ekki kunnugt um að ætlunin sé að leggja meira fé til eftirlitsins, þótt refsíákvæði séu þyngd, sem er til bóta.

Mikil þrýstingur er á starfsmenn félagsins að þeir afgreiði litað eldsneyti sem ætla má að nota eigi á gjaldskyld ökutæki. Er orðalag laganna og þar með réttarstaða félagsins og viðkomandi starfsmanns enn óljós og taldi Ríkisskattstjóri sig knúinn til að túlka lögina og er ekki ljóst hvort sú túlkun standist algerlega skoðun m.t.t laganna, eins og félagið benti á í sinni umsögn um frumvarpið. Er full ástæða til að endurskoða lögina og létta þeirri réttaróvissu af innheimtuaðilum og starfsmönnum þeirra.

Af ofansögðu má ljóst vera að margir gallar eru enn á lögunum og ekki verður séð að neinn sá ávinningur sé af breytingunum, sem ekki var hægt að ná með öðrum hætti sem réttlæti þann kostnað og þær álögur sem lögina hafa lagt á atvinnulífið og samfélagið í heild sinni.

Er því lagt til að lögina verði endurskoðuð frá grunni í samvinnu við hagsmunaaðila og tekið verði upp kílómetragjald með hjálp nútímatækni í stað þessa kerfis.

Virðingarfyllst,  
Olíudreifing ehf.,

Gestur Guðjónsson  
Umhverfis- og öryggisfulltrúi